

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

806. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 7. október 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
2. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 24. september sl.
3. Bréf Fjárlaganefndar Alþingis.

Afgreiðslur:

1. Sigurbjartur Halldórsson, sviðsstjóri og Ólafur H. Stefánsson, rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið var yfir framkvæmdir við gerð og viðhald gangstétta, rætt um gerð gangstíga o.fl. Fram lögð tilboð í snjómokstur á Hvammstanga 2013-2016. Eftirfarandi tilboð bárust:

H.H. gámaþjónusta kt. 560101-2440	kr. 14.934- á klst. (Vél og maður)
Garðar Guðmundsson kt. 171152-3139	kr. 14.219- á klst. (Vél og maður)
Leirhús Grétu ehf. kt. 700301-2490	kr. 16.872- á klst. (Vél og maður)

Byggðarráð felur sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Garðar Guðmundsson, um snjómokstur á Hvammstanga 2013-2016 á grundvelli tilboðs hans.
2. Fram lögð til kynningar fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 24. september sl.
3. Fram lagt bréf Fjárlaganefndar Alþingis þar sem sveitarstjórnnum er gefinn kostur á að eiga fund með nefndinni um mánaðarmótin október/nóvember nk. Sveitarstjóra falið að óska eftir viðræðum við nefndina 29. október nk. kl. 11:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:48

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Ragnar Smári Helgason.

Leó Örn Þorleifsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.